



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Öryggisbrestur í Mentor – rafrænu upplýsingakerfi sem notað er af grunnskólum*

Í lok dags fimmtudaginn 14. febrúar 2019 fékk Infomentor ehf. nafnlaus ábendingu um heimildarlausu upplýsingasöfnun af hálfu skráðs notanda hér á landi úr skólaupplýsingakerfi Mentor. Tókst viðkomandi að nýta sér ákveðinn veikleika í kerfinu til að safna kennitölum og prófílmmyndum 422 nemenda í 96 skólum á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá Infomentor var jafnskjótt og málið kom upp brugðust við af hálfu hugbúnaðarsérfræðinga Mentor.

Samkvæmt upplýsingum Infomentor hefur veikleikinn þegar verið lagfærður og öryggi kerfisins tryggt. Jafnframt hefur sveitarfélögum, persónuverndarfulltrúum sveitarfélaga og skólastjórum allra skóla hér á landi verið gerð grein fyrir brestinum, einnig skólum nemenda sem athæfið varðar ekki.

Grunnskólar Reykjavíkurborgar fengu upplýsingar um málið síðdegis föstudaginn 15. febrúar 2019 en í tilkynningu Infomentor ehf. kom fram að skólar myndu fá sérstaka tilkynningu með frekari upplýsingum. Laugardaginn 16. febrúar 2019 fóru skólum að berast upplýsingar um kennitölur nemenda sem bresturinn náði til. Niðurstaðan er sú að veikleikinn náði til 32 grunnskóla Reykjavíkurborgar, eins leikskóla og 160 nemenda sem þar hafa stundað nám.

Til samræmis við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hefur persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar tilkynnt Persónuvernd um öryggisbrestinn f.h. þeirra skóla sem í hlut eiga. Jafnframt hefur persónuverndarfulltrúinn sent grunnskólum upplýsingar og bréf sem grunnskólar hafa sent öllum foreldrum til að upplýsa þá um málið. Þann 26. febrúar 2019 fengu foreldrar og forsjáraðilar barna sem bresturinn náði til upplýsingar um að bresturinn hafi náð til þeirra barns. Tilkynningin hefur verið þýdd á ensku og pólsku.

Þeim skilaboðum hefur verið komið á framfæri við foreldra að öllum fyrirspurnum verði svarað eftir bestu getu. Foreldrar og forsjáraðilar geta leitað til Dagbjartar Hákonardóttur, persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar með því að senda póst á netfangið [personuverndarfulltrui@reykjavik.is](mailto:personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða hringja í síma 411-1111.